

Nd.

123. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 117 [bráðabirgðaafnám á valdi mjólkurverðlagsnefndar og kjötverðlagsnefndar o. s. frv.].

Frá Áka Jakobssyni og Sigurði Guðnasyni.

Við 1. tölul. 1. mgr. orðist svo:

Meðan það verðlag á innlendum afurðum gildir, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvisitölunefnd, skal viðskiptaráð þrátt fyrir ákvæði síðasta málsliðar 1. gr. þessara laga ákveða útsöluverð á þeim vörum, er mjólkurverðlagsnefnd og kjötverðlagsnefnd hafa ákveðið verð á. Verðákvarðanir viðskiptaráðs samkvæmt þessu gilda frá 15. sept. 1943.